

## Námskrá fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku

Móttaka nemenda með annað móðurmál en íslensku Í Seyðisfjarðarskóla tekur mið af „bakgrunni þeirra, tungumálafærni og færni á öðrum námssviðum“ eins og segir í 16. grein grunnskólalaga. Þess vegna leggjum við áherslu á að umsjónarkennarar og nýbúakennari meti stöðu hvers nemanda og styðjist við sem ítatarlegastar upplýsingar frá foreldrum og fyrri skólum. Þessir kennarar gera í sameingingu **námskrá** sem byggir á ofanefndum þáttum fyrir hvern og einn nemanda.

### Markmið með kennslu nýbúa:

Að kenna nemendum sem eru innflytjendur íslensku sem annað mál. Tekið er mið af stöðu nemandans, aldri hans, þroska og námsþörfum. Aðaláhersla er á að styrkja færni nemandans í íslensku til að byggja undir frekara nám og jafnframt skal stuðla að því að nemandinn viðhaldi móðurmáli sínu og fái tækifæri til að þróa það. Leitast er við að nemendur séu sem mest samferða jafnöldrum sínum í námi sé þess einhver kostur. Þetta á sérstaklega við um stærðfræði og verk- og listgreinar, en samskipti innflytjendabarna við íslenska jafnaldra er besta leiðin til að styrkja íslenskunotkun þeirra og færni. Allir kennarar skólans leitast við að nýta sér kosti margbreytileikans í fjölbreyttum nemendahópi s.s. með því að leita fanga í ólíkri menningu nemenda af margvíslegu þjóðerni.

### Inntak námsins:

Samkvæmt námskrá er nemendum með annað móðurmál en íslensku skipt eftir færni í íslensku í byrjendur lengra komna og lengst komna. **Í upphafi** læra nemendurnir grunnorðaförða um skóla, fjölskyldu, heimili, líkama, fæðu, klæðnað, tölur, liti, daga, mánuði og árstíðir. Einnig læra þau tungutak sem tengist daglegum samskiptum fólks og skólustarfi. Lítillega er byrjað að kynna íslenska málfræði. Í kennslustundum inni í bekk taka kennarar mið af þörfum nemenda með íslensku sem annað tungumál. Leitast er við að leyfa þeim og menningu þeirra að njóta sín hvenær sem tækifæri gefst.

**Þegar á líður** er unnið að því að auka orðaförðann með lestri á hæfilega þungum textum, og áhersla er á að skýra hugtök sem koma fyrir í námsefni nemandans. Leitast er við að kenna framburð og rétta setningskipan þó mest áhersla sé á að viðkomandi geti skilið og gert sig skiljanlegan. Mikilvægt er að nemandinn geti tjáð sig og tekið virkan þátt í skólustarfi og ber öllum kennurum að leitast við að stuðla að góðum félagatengslum innflytjendanemenda og þeirra sem fyrir eru. Áfram er unnið með málfræði og byggt ofan á fyrri kunnáttu. Eftir sem áður miða kennarara í almennum kennslustundum kennsluna við þarfir alls hópsins og nýta hvert tækifæri til að gefa gaum og og efla virðingu fyrir uppruna og menningu nemenda með annað móðurmál en íslensku.

**Nemendur sem lengst eru komnir** taka aukinn þátt í bekkjarstarfi og vinna með orðaförða tengdan því námsefni sem unnið er með í bekknum, s.s.í samfélagsgreinum. Þá er samvinna greinakennarans og inflytjendakennarans mikilvæg þar sem sá síðarnefndi leitast við að efla skilningu nemandans á mikilvægum hugtökum tengdum námsefninu.

Geti notað orðatiltæki og íslensk slanguryrði á viðeigandi hátt. Unnið er áfram með málfræði. Kennsluskipan:

Þegar nýr nemandi af erlendum uppruna byrjar í skólanum innritast hann í almennan bekk en er fyrstu tvær vikurnar í námsveri nýbúa. Eftir þann tíma sækir nemandinn almenna tíma í

bekknum sínum. Tímafjöldi í námsveri nýbúa er einstaklingsbundinn og ræðst hann fyrst og fremst af aldri, þroska og stöðu nemanda.

Kennsluaðferðir og kennslugögn eru afar fjölbreytt. Námið er bæði einstaklings- og hópmiðað. Hlustun, skilningur, framburður og ritun er þjálfað með ýmsu móti, svo sem með leikjum, söngvum, spilum, samtölum, lestri, hermiaðferð, sýnikennslu, dagblaðavinnu, vettvangsferðum, föndri og tölvuverkefnum.

Námshögn:

Ýmis verkefni, bækur, spil og tölvuforrit sem hæfa nemendum af erlendum uppruna.

## Hlustun og talað mál

Nemandi getur:

Við lok 1. stigs	Við lok 2. stigs	Við lok 3. stigs
skilið einföld skilaboð og getur brugðist við þeim.	tekið þátt í umræðum í skóla um námsefni og annað sem er á dagskrá.	tekið þátt í umræðum og rökræðum um viðfangsefni og er óhræddur að leggja fram tillögur.
tjáð tilfinningar sínar og sagt frá hugsunum sínum og reynslu.	lýst atvikum, persónum og hlutum og endursagt einfaldan texta sem hann hefur lesið.	hlustað á sögu eða annan texta, endursagt efni hans í stuttu máli og túlkað.
spurt og beiðið um útskýringar, m.a. á einstökum orðum og orðatiltækjum.	spurt og svarað spurningum sem tengjast einstökum námsgreinum og beiðið um aðstoð þegar þarf.	notað íslenskt mál sér til framdráttar í samskiptum við aðra, svo sem til að tjá hug sinn og þarfir.
tekið þátt í einföldu samtali og náð athygli viðmælanda.	tekið þátt í samtali þar sem beita þarf útskýringum og rökum.	beitt málfari og málhegðun sem hæfir stað og stund og tekur tillit til viðmælanda.
borið fram helstu málhjóð í íslensku og getur talað með nokkuð skýrum framburði.	borið fram íslenskt mál án teljandi áhrifa frá móðurmáli sínu.	borið fram íslensk málhjóð og hljóðasambönd og notað íslenskar áherslur og hrynjandi.

## Lestur, bókmenntir og ritun

Nemandi getur:

Við lok 1. stigs	Við lok 2. stigs	Við lok 3. stigs
lesið einfalda texta reiprennandi sér til gagns og ánægju, svo sem stuttar sögur og umfjöllum um áhugavert efni, og tjáð sig um efni þeirra.	lesið og skilið texta við hæfi, svo sem námsefni, og leitar eftir aðstoð þar sem skilning þrýtur.	valið og lesið sér til ánægju og fróðleiks margvíslegt efni á íslensku og nýtir fjölbreytt hjálpargögn sem skýra orð og orðasambönd.
lesið og miðlað bókmenntum á móðurmáli sínu og nýtt þá reynslu við lestur á íslenskum barnabókum.	lesið auðlesnar íslenskar barnabókmenntir, túlkað þær og tjáð sig um þær.	valið sér bókmenntir sem hæfa aldri og áhuga, skilið þær, túlkað og notið.
notað íslenskt stafróf og tengt saman staf og hljóð.	stafsett nokkuð rétt léttan texta og nýtt sér nokkrar meginreglur stafsetningar.	nýtt sér íslenskar vefsíður til fróðleiks og ánægju.

beitt einföldum reglum um stafsetningu.	skrifað sögu eða greinargerð á skiljanlegu máli. Getur tjáð hugsanir sínar og reynslu í rituðu máli og miðlað til skólafélaga.	dregið saman aðalatriði eða viðeigandi upplýsingar úr texta.
skrifað stutta, einfalda frásögn, lýsingu eða skilaboð.	tekið virkan þátt í samvinnu með skólafélögum og lagt sitt lóð á vogarskálar við lausn verkefna sem krefjast umræðu, lestrar og ritunar.	Skrifað ritgerðir, skýrslur, frásagnir og átt samskipti með tölvu og valið stíl og málsnið eftir lesanda, efni og tilefni
skráð athugasemdir og niðurstöður, t.d. í samstarfshópi.	notað aðgengileg gögn til sér til aðstoðar við lestur og ritun, svo sem orðabækur og rafræn hjálpargögn.	Stafsett og gengið frá texta í samræmi við íslenskar reglur, og notað orðabækur og vefefni sér til stuðnings.

### **16. gr. Móttökuáætlun og nemendur með annað móðurmál en íslensku.**

- Kennsla í grunnskólum skal fara fram á íslensku. Heimilt er að nám fari fram á öðrum tungumálum en íslensku þegar það leiðir af eðli máls eða aðalnámskrá.
- Grunnskólar taka á móti nemendum sem eru að hefja skólagöngu, eru að skipta um skóla eða hefja nám sitt hér á landi samkvæmt móttökuáætlun skóla eða sveitarfélags. Foreldrum skulu á þeim tímamótum veittar upplýsingar um skólagöngu barnsins og skólastarfið almennt og foreldrum með annað móðurmál en íslensku og heyrnarlausum foreldrum greint frá rétti þeirra til túlkapjónustu.
- Móttökuáætlun vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku skal taka mið af bakgrunni þeirra, tungumálafærni og færni á öðrum námssviðum. Tryggja skal að þessir nemendur og foreldrar þeirra fái ráðgjöf og aðgang að upplýsingum um grunnskólastarf.
- Nemendur með annað móðurmál en íslensku eiga rétt á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Með kennslunni er stefnt að virku tvítyngi þessara nemenda og að þeir geti stundað nám í grunnskólum og tekið virkan þátt í íslensku samfélagi. Grunnskólum er heimilt að viðurkenna kunnáttu í móðurmáli nemenda með annað móðurmál en íslensku sem hluta af skyldunámi er komi í stað skyldunáms í erlendu tungumáli.